

Félag eldri borgara á Akureyri

Fundargerð aðalfundar 24. mars 2015

1. Mál - Setning aðalfundar.

Sigurður Hermannsson formaður Félags eldri borgara á Akureyri bauð fundarmenn velkomna í Bugðusíðu 1 á aðalfund félagsins 2015. Hann sagði m.a.

„Hvað er það sem fær okkur til þess að ganga í félag eldri borgara? Er það ekki m.a. hinn félagslegi þáttur sem við sækjumst eftir? Einhverstaðar stendur „maður er manns gaman.“ Einnig ábyggilega það að geta lært eitthvað eða taka þátt í starfsemi sem veitir okkur bæði félagsskap, skemmtun og fræðslu. Við erum líka í þessum félagsskap til þess að gera okkur síðari hluta æfi okkar sem fjölbreytilegastan og hafa gaman hvert af öðru og gera ef til vill það sem okkur hefur lengi langað til en ekki haft tíma eða tækifæri til.“

Þá bað formaður fundarmenn að rísa úr sætum og minnst þannig látinna félaga okkar frá aðalfundi 2014.

2. Mál – kosning starfsmanna fundarins.

Formaður bar fram tillögu stjórnar um starfsmenn fundarins en tilnefndir eru: fundarstjóri, Baldvin Bjarnason og ritarar Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen. Aðrar tillögur komu ekki fram og tillaga stjórnar því samþykkt samhljóða. Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri 2015 settan og starfsmenn fundarins tóku til starfa.

3. Mál – Skýrsla stjórnar (frá aðalfundi 2014 til aðalfundar 2015).

Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar og eru hér rakin helstu atriði hennar.

a) Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfstímanum milli aðalfunda 2014-2015: Formaður Sigurður Hermannsson, varaformaður, Guðbjörg Bjarman, ritari, Halldór Gunnarsson, gjaldkeri Einar Gunnarsson og meðstjórnendur Karl E. Steingrímsson, Arnheiður Kristinsdóttir og Anna G. Thorarensen. Varamenn: Kolbrún Kristjánsdóttir, Númi Adólfsson og Aldís Björnsdóttir.

13 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfstíma stjórnarinnar þ.e. frá aðalfundi 2014 til aðalfundar 2015.

b) Nefndir félagsins.

Stærsti hluti starfs félagsins er á vegum nefnda þess. Eftirtaldar nefndir starfa á vegum félagsins: skemmtinefnd, kaffinefnd, göngunefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd og spilanefndir a) félagsvist og b) bridge. Talsmenn nefndanna flytja skýrslur sínar hér á fundinum og því er ekki fjallað um starf þeirra í skýrslu stjórnar.

Þá er starfandi uppstillingarnefnd sem kosin er á hverjum aðalfundi að tillögu stjórnar.

Stjórn félagsins þakkar nefndunum öllum fyrir gott og öflugt starf á starfstímanum milli aðalfunda 2014 og 2015.

c) Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu félagsins.

Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu félagsins í Bugðusíðu hófst haustið 2007 og hefur stjórnin haldið þeirri þjónustu við félagsmenn áfram. Hlé er gert á viðveru yfir sumarið þ.e. í júní, júlí og ágúst. Stjórnarmenn skiptast á um að vera við á skrifstofu félagsins á milli kl. 14 og 16 á fimmtudögum til skrafs og ráðagerða, skrá nýja félaga o.s.frv.

d) Lokun félagsmiðstöðvanna yfir sumarið.

Lokun félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi yfir sumartímann þ.e. júní, júlí, ágúst og fram í byrjun september hefur félaginu þótt alltof löng. Þetta hefur verið rætt við bæjaryfirvöld en lítinn árangur borið. Til að milda þessa löngu lokun hefur félagið haft opið á miðvikudögum eftir hádegi fyrir frjálsa spilamennsku í Bugðusíðu. Lokað er í júlí. Sigurveig Einarsdóttir hefur haft umsjón með þessu verkefni undanfarin ár. Stjórn félagsins þakkar Sigurveigu fyrir gott starf.

e) Landsfundur LEB.

Landsfundur Landssambands eldri borgara (LEB) sem haldinn er annað hvert ár verður haldinn í Kópavogi 5. og 6. maí n.k. Félagið á rétt á að senda 4 fulltrúa á landsfundinn. Gera má ráð fyrir að kjara- og réttindamál eldri borgara verði þar ofarlega á baugi. Einnig má vænta að umræða verði um hvort og hvenær eigi að flytja málefni aldraðra frá ríkinu til sveitarfélaganna. Ýmis mál er snerta hagsmuni eldri borgara má nefna s.s. að lækka eða fella niður virðisaukaskatt af lyfjum og að einstaklingar sem vistaðir eru á stofnunum hafi meira um það að segja hvernig þeir ráðstafa þeim peningum sem fylgja þeim frá ríkinu. Hagsmunir og hamingja eldri borgara felst m.a. í góðri heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þá þarf að berjast fyrir því að eldri borgarar fái sömu kjarabætur og aðilar á vinnumarkaðnum fá í þeim samningum sem nú er unnið að.

f) Samráðsfundir.

Samráðsfundi um ýmis mál hefur félagið átt með fulltrúum frá Akureyrarbæ á starfstímanum 2014-2015. Á þessum fundum hefur m.a. verið rætt um að kveða skýrar á um aðgengi félagsins að húsnæðinu í Bugðusíðu. Rætt hefur verið um verð á veitingum í félagsmiðstöðvunum, snjómokstur og hálkuvarnir við félagsmiðstöðvarnar, stækkun á salnum í Bugðusíðu, lélega loftræsingu í kjallaranum í Víðilundi. Þá hefur verið rætt um nauðsyn þess að strætó aki nær Boganum en nú er, að bæta net- og tölvutengingar í Bugðusíðu, að eldri borgarar geti fengið tíma til að stunda minigolf í þeirri aðstöðu sem Golfklúbbur Akureyrar hefur í Íþróttahöllinni o.fl. o.fl.

g) Félagskort. Nýtt félagskort fyrir alla félagsmenn verður gefið út í ársbyrjun 2016 og mun það gilda í 4 ár. Nú er hægt að greiða árgjaldið til félagsins með þrennu móti þ.e. með peningum, í heimabanka eða með greiðsluseðli.

h) Endurskoðun laga félagsins.

Eitt af verkefnum stjórnar á starfstímanum var að endurskoða lög félagsins. Skipuð var nefnd sem vann að lagabreytingunum ásamt stjórninni. Í nefndinni sátu Sigurður Jóhannesson sem var formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Sigurður Hermannsson. Númi Adólfsson starfaði um tíma með nefndinni. Löggin voru tekin til gagngerðrar endurskoðunar og m.a. tekið mið af lögum annarra félaga. Tillaga stjórnar að lagabreytingunum verður lögð fram hér síðar á fundinum. Stjórn félagsins þakkar laganefndinni fyrir gott starf.

i) Heimasíða félagsins.

Heimasíða félagsins hefur nú verið í notkun í rúmt ár. Töluverð vinna fylgir því að setja inn efni og halda utanum uppfærslu hennar og hefur sú vinna verið unnin fyrst af Halldóri Gunnarssyni og síðan fékk hann Önnu G. Thorarensen í lið með sér. Þeim Halldóri og Önnu ber að þakka fyrir góða vinnu og sömuleiðis Stefnu ehf fyrir þeirra framlag. Þeir hafa verið mjög hjálplegir í allri þessari vinnu og sýnt félaginu velvilja. Ef einhverjir félagsmenn hafa áhuga á að koma að því að annast innsetningu á efni og viðhalda heimasíðunni þá gefi þeir sig fram við stjórn félagsins.

Ýmis mál sem unnið hefur verið að milli aðalfunda 2014-2015.

1. **Valnefnd** á vegum samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar hefur starfað sl. tvö ár til að velja einstaklinga og fyrirtæki/hóp sem veita ætti viðurkenningar fyrir framúrskarandi æskulýðs- og tómskundastarf á Akureyri. Formaður félagsins sat í valnefndinni fyrir hönd stjórnar. Stjórn félagsins tilnefndi sem einstakling Kristínu Gunnlaugsdóttur sem

fulltrúa eldri borgara (postulínsmálun). Og sem fulltrúa fyrirtækja eða hóps tilnefndi stjórn félagsins kór aldraðra, Í fínu formi. Báðar tilnefningarnar voru valdar af valnefndinni og hlutu viðurkenningu.

2. **Kassanefnd** var komið á laggirnar að tillögu fræðslunefndar í samráði við stjórn félagsins. Hlutverk hennar var að kanna hug félagsmanna til þeirrar starfsemi sem í boði er og stinga upp á nýmælum. Nefndina skipuðu Arnheiður Kristinsdóttir formaður frá stjórn félagsins, Guðmundur Ómar Guðmundsson frá fræðslunefnd, Karl E. Steingrímsson frá ferðanefnd, Svava Karlsdóttir frá skemmtinefnd og Hulda Eggertsdóttir frá göngunefnd. Könnuninni lauk 6. mars sl. en það tekur e-n tíma að vinna úr niðurstöðum. Nefndinni eru þökkuð góð störf.
- 3 **Öldungaráð**. Tillaga var samþykkt á aðalfundi félagsins 2014 þess efnis að skora á Akureyrarbæ að standa fyrir stofnun öldungaráðs. Bæjarstjórn vísaði málinu til samfélags- og mannréttindaráðs (SMRR) til frekari afgreiðslu og að taka upp viðræður við félagið. Þar sem stutt var í kosningar vorið 2014 var ákveðið að fresta viðræðum til hausts þegar ný stjórn samfélags- og mannréttindaráðs hefði tekið við. Málið tafðist vegna framkvæmdastjóraskipta (SMRR). Stjórn félagsins skipaði 3 fulltrúa í nefnd til viðræðna við Akureyrarbæ en þeir eru Sigurður Hermannsson, Guðbjörg Bjarman og Anna G. Thorarensen. Gert er ráð fyrir að í öldungaráðinu verði rædd málefni er varða hagsmuni eldri borgara í sveitarfélaginu. Í tillögum Landssambands eldri borgara um öldungaráð er gert ráð fyrir að sveitarstjórn kjósi fulltrúa úr sínum hópi til setu í ráðinu að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og stjórn félags eldri borgara tilnefni stjórnarmenn af sinni hálfu.
- 4) **Heimsókn**. Þann 14. janúar sl. komu Valgerður Jóna Kristjánsdóttir formaður Landssambands eldri borgara og 3 aðrir úr stjórn LEB í heimsókn og var efnt til almenns félagsfundar í Bugðusíðu. Ræddu þau það sem efst er á baugi um þessar mundir er varðar málefni eldri borgara í landinu. Ágæt mæting var á fundinn og gagnlegar umræður fóru fram.
- 5) **Um 3680 einstaklingar** á aldrinum 60+ eiga lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri þar af eru um 1100 í Félagi eldri borgara. Árlega bætast 200-250 manns við þennan hóp. Æskilegt væri að stærri hluti þessa hóps væru félagar í félaginu okkar því með því yrði það enn öflugra.
- 6) Á síðasta ári ákváðu bæjaryfirvöld að flytja **tómstundamálefni félagsins og félagsmiðstöðvanna** frá búsetudeild til samfélags- og mannréttindaráðs. Anna Karen Úlfarsdóttir er áfram deildarstjóri yfir félagsmiðstöðvunum en Bergljót Jónasdóttir er tengiliður félagsins við bæjaryfirvöld. Sigríður Stefánsdóttir er nýr framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindaráðs (SMRR).

- 7) Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum þann 2. desember 2014 að færa Sjúkrahúsinu á Akureyri **peningagjöf frá félaginu** að upphæð kr. 1.500.000 til tækjakaupa. Hollvinasamtök SA höfðu áður komið á fund stjórnarinnar og rætt um mögulegan styrk frá félaginu til kaupa á tæki sem tengist augnsteinaskiptum.

Í lok flutnings á skýrslu stjórnar **þakkaði formaður** meðstjórnendum sínum og öllum nefndarmönnum og öðrum þeim sem komið hafa að starfi félagsins á árinu fyrir gott framlag og ánægjulegt samstarf. Þá þakkaði formaður öllum þeim sem nú eru að hætta störfum í stjórn og nefndum félagsins fyrir gifturíkt starf og bauð jafnframt nýtt fólk velkomið til starfa.

Þeir sem hætta í stjórn eru: Einar Gunnarsson gjaldkeri og Númi Adolfsson varamaður. Þeir sem hætta í nefndum eru: Ellert Kárson og Sigurður K. Sigurðsson í spilanefnd, Jóhanna Jóhannsdóttir og Bára Magnúsdóttir í göngunefnd, Unnur Björnsdóttir, Ásdís Árnadóttir og Númi Adolfsson í ferðanefnd, Anna Þorsteinsdóttir og Ófeigur Jóhannesson í uppstillinganefnd.

Þá þakkaði formaður starfsmönnum og stjórnendum félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðlundi fyrir ánægjulegt samstarf og fyrir þeirra góða framlag til að gera öldruðum lífið skemmtilegra.

Umræður um skýrslu stjórnar.

Hermann Huijbens kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar og ræddi um nauðsyn þess að búa sjúkrahúsið á Akureyri góðum tækjakosti svo fólk á Norðurlandi geti í auknum mæli notið þjónustu hér í stað þess að ferðast til Reykjavíkur. Ódýrara er að lækna komi norður en fjöldi fólks fari suður til lækninga þegar það á við, en auðvitað er líka um að ræða þjónustu lækna sem ekki verður veitt utan Reykjavíkur. Ræða Hermanns tengdist peningagjöf félagsins til sjúkrahússins sem hann var afar ánægður með.

4. Mál – Reikningar ársins 2014.

Gjaldkeri félagsins Einar Gunnarsson fór yfir reikninga félagsins fyrir almanaksárið 2014 sem voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga. Í áritun skoðunarmanna segir svo: Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Félags eldri borgara á Akureyri höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2014. Við höfum gjört þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar svo sem sannreynt innstæður á bankareikningum, verðbréfaeign o.fl.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 3.394.334 og rekstrargjöld kr. 4.444.388. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði er því kr. 1.050.054.

Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 557.3301. Hagnaður af verðbréfaeign er kr. 278.656. Tap ársins er því kr. 214.097.

Rekstrartekjur eru félagsgjöld kr. 2.205.000, styrkur frá Akureyrarbæ kr. 941.468 og tekjur af félagsvist frá spilanevnd kr. 247.866.

Helstu rekstrargjöld eru peningagjöf til Sjúkrahússins á Akureyri kr. 1.500.000, auglýsingar (í Dagskránni) vegna viðburða á vegum félagsins o.fl. kr. 776.755, styrkir til göngunefndar og kórsins (Í fínu formi) kr. 380.000 og félagsgjöld til Landssambands eldri borgara (LEB) kr. 617.400.

Umræður um reikninga félagsins urðu engar og voru þeir samþykktir samhljóða.

5. Mál – Skýrslur fastanefnda félagsins.

Skýrslur nefnda miðast við starfsemi þeirra milli aðalfunda félagsins 2014-2015 nema skýrsla fræðslunefndar, en hún miðast við almanaksárið 2014.

a) Skýrsla skemmtinefndar - flytjandi Björg Dagbjartsdóttir.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu skemmtinefndar.

Nefndarmenn voru: formaður Birgir Sveinbjörnsson, varaformaður Björg Dagbjartsdóttir, gjaldkeri Páll Gíslason, ritari Erna Tuliníus, meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Svava Karlsdóttir og Sveinn Sigurbjörnsson.

Nefndin hélt 11 formlega fundi á starfsárinu og 3 óformlega fundi til að undirbúa viðburði á vegum nefndarinnar. Auk þess mættu fulltrúar úr nefndinni fyrir hennar hönd á 4 aðra fundi. Helstu viðburðir á vegum skemmtinefndar voru eftirfarandi:

Vorfagnaður var haldinn 3. maí 2014. Árshátíðin 2014 var haldin 15. október í Bugðusíðu 1 og var þátttakan góð eða um 100 manns. Jólahlaðborðið (ásamt með ferðanefnd) var haldið í Hótel Seli við Mývatn, sjá skýrslu ferðanefndar. Kráarkvöldin urðu 4 á starfsárinu. Það fyrsta var haldið 15. nóvember, næsta í janúar, eitt í febrúar og eitt í mars. Sú nýbreytni var tekin upp að í hléi hljómsveitar hefur skemmtinefndin borið fram stutt skemmtiatriði. Skemmtanir þessar voru vel sóttar eða frá 70 – 80 manns og upp í rúmlega 100 manns.

Skemmtinefndin hefur haft það að markmiði að viðburðir á hennar vegum beri sig, það er að segja að ekki sé eytt meiru en aflað er. Stjórn Félags eldri borgara hefur séð um greiðslur fyrir auglýsingar á vegum nefndarinnar. Að öðru leyti hefur nefndin starfað sjálfbært og á nú varasjóð sem geymir kr. 409.000.

b) Skýrsla ferðanefndar - flytjandi Karl Jörundsson.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu ferðanefndar.

Nefndarmenn voru: Unnur Björnsdóttir formaður, Ásdís Árnadóttir, Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson, Karl Steingrímsson og Kolbrún Kristjánsdóttir. Þá starfaði Númi Adolfsson með nefndinni þetta starfsár.

Nefndin hélt 13 fundi og einn fund sem var kynningarfundur á ferðum nefndarinnar og sóttu hann um 180 manns.

Fyrsta ferð ársins var farin til Hveragerðis og dvalið á Hótel Örk dagana 9.-14. mars. Um 50 manns tóku þátt.

Í apríl var farin leikhúsfarferð að Breiðumýri í Reykjadal með um 40-50 manns. Dagsferð var farin 30. júlí. Ekið var til Dalvíkur og siglt með m.s. Sæfara til Grímseyjar. Fjöldi farþega 55 manns.

Hringferð var farin um landið dagana 20.-24. júní (5 dagar). Farþegar voru um 35 talsins.

Ferð á Íslendingaslóðir í Vesturheimi 30. júlí -10. ágúst. Auglýst voru sæti í þessa ferð og fóru 12-14 manns í ferðina ásamt Ásdísi Árnadóttur. Haustferðin frá Akureyri til Tenerife 11. september til 2. október. Beint flug var frá Akureyri í þessari 3ja vikna ferð og voru farþegar um 180 manns.

Í utanlandsferðunum er ráðinn fararstjóri / skemmtanastjóri sem koma frá viðkomandi Ferðaskrifstofu. Þessir aðilar setja upp dagskrá fyrir tímabilið sem hefur að geyma ýmsa afþreyingu á hótelinu, svo sem morgunleikfimi, spilavist, kvöldvökur og gönguferðir um nágrennið. Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú nýbreytni að ráða hjúkrunarfræðing með í utanlandsferðunum og hefur sú tilhögun mælst mjög vel fyrir.

Þá var farin ferð í Mývatnssveit og gist á Hótel Seli 26.-27. nóvember, þar sem boðið var upp á jólahlaðborð og tóku 65 manns þátt í þeirri ferð. Að framkvæmd jólahlaðborðsins komu einnig fulltrúar frá skemmtinefnd. Ferðanefnd tók þátt í starfi göngunefndar á starfstímanum. Um 650 manns tóku þátt í þeim uppákomum sem ferðanefndin stóð fyrir á starfsárinu.

c) Skýrslur spilaneftnda 1) bridgenefnd - flytjandi Jóhannes Sigvaldason

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu um bridge.

Nefndarmenn voru: Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson.

Spilakeppni í bridge hefur verið hjá Félagi eldri borgara hér á Akureyri síðan 2007. Það hefur alltaf verið spilað á fimmtudögum – byrjað kl. 13:00 og spilamennsku lokið á fimmta tímanum, svo lítið breytilegt eftir því hve mörg spil eru spiluð (en þau eru frá 18 og uppí 27) og hve vel gengur. Um þrjúleytið

er dokað um stund og þá drukkið kaffi. Þegar hætt er að vori er svolítið hátíðlegra kaffi í boði félagsins og smá verðlaun eru veitt fyrir ýmis afrek unnin við spilaborðið.

Skýrslur spílanefnda 2) félagsvist - flytjandi Gunnar Jóhannsson

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu um félagsvist.

Nefndarmenn voru: formaður Ellert Kárason, Ragna Aðalsteinsdóttir og Sigurður K. Sigurðsson.

Fram kom í máli Gunnars að alls var spíluð félagsvist 27 sinnum á starfstímanum. Samtals mættu um 1.500 manns á þessi spílavöld eða að meðaltali 55 hvert kvöld. Nefndin skilaði tekjum inn til félagsins (sjá ársreikning 2014) kr. 213.866.

d) Skýrsla göngunefndar - flytjandi Kolbrún Kristjánsdóttir

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu göngunefndar:

Nefndarmenn voru: Kolbrún Kristjánsdóttir, Hulda Eggertsdóttir, Jóhanna Jóhannsdóttir og Bára Magnúsdóttir.

Þrjú mánuði á ári, júní, júlí og ágúst, er gengið á þriðjudagsmorgnum í Kjarnaskógi. Rúta fer frá Lindarsíðu kl. 9:30, þá frá Essóstöð við Hörgárbraut, Sjallanum, Víðilundi og Kjarnagötu og svo nær rútan í hópinn í Kjarnaskóg kl.11:00. Félagið hefur tvö sl. ár greitt kostnaðinn vegna akstursins, en sækja þarf um styrk til þessa verkefnis árlega. Tvær óvissuferðir voru farnar í tengslum við gönguferðirnar í Kjarnaskógi á liðnu sumri. Alls hafa um 556 manns komið við sögu í þessum ferðum göngunefndar.

e) Skýrsla fræðslunefndar - flytjandi Guðbjörg Bjarman

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu fræðslunefndar.

Í nefndinni voru í byrjun árs Guðbjörg Bjarman, formaður, Magnús Aðalbjörnsson, gjaldkeri og Valgerður Jónsdóttir, ritari. Magnús Aðalbjörnsson hætti störfum um vorið, í stað hans kom Guðmundur Ómar Guðmundsson í nefndina.

Árið 2014 hélt nefndin tíu fundi til að undirbúa og skipuleggja verkefni.

Tekin var til fræðslu Proskasaga Akureyrar og umhverfi bæjarins. Til fræðslu voru fengnir menn sem töldust vel færir og kunnugir málefni. Fræðsluerindin voru: Í janúar Hörður Geirsson, Bærinn okkar í máli og myndum. Í febrúar Logi Einarsson, Akureyri, fyrr og nú. Í mars Hörður Geirsson, Bærinn okkar, framtíðin. Í apríl Tryggvi Marinósson, Glerá frá upptökum að ósi. Í október Hallgrímur Indriðason, Bærinn í skóginum. Í nóvember Rannveig Guðnadóttir,

Edensvalkosturinn. Þessi erindi voru vel sótt, frá um 40 manns upp í 70-80 manns. Námskeiðið í samstarfi við MA um kennslu á tölvur og fleiri slík tæki var haldið í annað sinn í mars. Nemendur 3ja bekkjar skólans annast kennsluna ásamt kennurum sínum. Það var sótt af um 30 manns en verkfall kennara setti svolítið strík í reikninginn.

Valgerður sat marga fundi með Háskólafólki vegna sameiginlegs málþings í maí. Málþingið „Öflug áfram” var sótt af 160-170 manns en það fjallaði um tækifæri og áskoranir efri árána og þótti takast vel. Tvö námskeið í framsögn og leiklist sem Saga Jónsdóttir stýrði voru haldin og voru vel sótt.

Í fræðslunefnd var mikill áhugi á að kanna hugmyndir félagsmanna til starfsins, hvað vill fólk? Við veltum fyrir okkur hvort hægt væri að útbúa hugmyndakassa þar sem fólk legði fram hugmyndir sínar um starfsemi félagsins. Undirbúningur fyrir þessa könnun hófst í lok árs og tók Guðmundur Ómar verkefnið að sér.

f) Kórinn – Í fínu formi – flytjandi Baldvin Bjarnason

Kór eldri borgara á Akureyri, Í fínu formi, hefur nú starfað í 28 ár. Petra Björk Pálsdóttir er núverandi stjórnandi og meðleikari Valmar Völjaots en formaður kórs er Baldvin J. Bjarnason. Í kórnum eru nú 56 félagar en aldursviðmið er 60+. Æfingar eru í Víðlundi 22, 2x í viku september til maí. Kórinn hefur árlega staðið fyrir tónleikum, sungið á elli- og dvalarheimilum fyrir jól og um áramót, sungið á heilsuráðstefnu (HAK), sótt kóramót eldri borgara á Norðurlandi sem haldið er annað hvert ár og farið í ýmis tónleikaferðalög, t.d. sungið nýlega á Neskaupstað, í Garðabæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Þingeyri og víðar. En nú í maí verður farið til Borgarness og nágrennis. Utanlandsferðir kórsins hafa verið til Færeyja og til Danmerkur. Hljómdiskur með lögum ÍFF var gefinn út 2011.

Í haust 2014 voru haldnir tónleikar í Glerárkirkju ásamt Eldey - kór eldri borgara á Suðurnesjum. Í byrjun desember voru sungin jólalög í Laugarborg ásamt kór Svalbarðskirkju og kór Laufáss- og Grenivíkursókna. Og fyrir jól var sungið í Grenilundi á Grenivík, Hlíð og Lögmannshlíð. Árhátíð var haldin 28. febrúar 2015 og vortónleikar í Akureyrarkirkju 26. mars. Jafnframt verður sungið við messu á sama stað á uppstigningardag, 14. maí 2015, kl.14.

Ekki urðu neinar **umræður** um skýrslur nefnda félagsins en fundarriturum fannst liggja í loftinu að almennt væri ánægja meðal fundarmanna með hvernig til hefði tekist. Framlag nefndanna er hryggjarstykkið í starfsemi félagsins og ber sannarlega að þakka allt það mikla sjálfbodastarf sem unnið er að á hverjum tíma í þágu félagsmanna.

Nú var gefið **fundarhlé í 30 mínútur** og fundarmönnum boðið kaffi og með því í boði félagsins.

6. Mál – lagabreytingar.

Fyrir aðalfundinum lá tillaga frá stjórn félagsins um breytingar á lögum félagsins hvað varðaði uppsetningu og innihald. Laganefnd (starfsnefnd) sem stjórnin skipaði í byrjun árs 2015 vann ásamt stjórninni að endurskoðun á lögum félagsins. Sigurður Jóhannesson formaður laganefndar kynnti tillögu stjórnar að breyttum lögum á fundinum með því að lesa upp hverja grein fyrir sig. Hver grein var síðan borin upp til atkvæðagreiðslu og í lokin voru löginn í heild borin upp til atkvæðagreiðslu. Fundurinn samþykkti samhljóða tillögu stjórnar að breytingum á lögum félagsins með einni smávægilegri breytingu er varðar birtingu gagna á heimasíðu félagsins í aðdraganda hvers aðalfundar. Eftir er að prófarkalesa lagatextann og hugsanlega betrum bæta hann á nokkrum stöðum. Löginn verða síðan sett inn á heimasíðu félagsins. Lagabreytinarnar taka þegar gildi.

7. Mál – skýrsla uppstillingarnefndar og kosningar.

Svava Karlsdóttir formaður uppstillingarnefndar gerði grein fyrir starfi nefndarinnar. Í nefndinni sátu auk formanns Rafn Gunnarsson, Ófeigur Jóhannesson og Sverrir Valdimarsson. Starf uppstillingarnefndar hefur fyrst og fremst miðast við aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri ár hvert. Það var því ekki fyrr en í byrjun nýs árs 2015 sem nefndin hélt sinn fyrsta fund vegna fyrirhugaðs aðalfundar félagsins nú í mars. Nefndin hélt 4 bókaða fundi og tókst að leggja fram tillögur til stjórnar félagsins þann 10. mars sl. þ.e. fullskipaðan lista um fólk í stjórn og fastanefndir félagsins samkvæmt lögum þess. Ekki bárust aðrar tillögur um fólk í stjórn og nefndir. Aðilar (fulltrúar) uppstillingarnefndar í stjórn og nefndir voru því allir sjálfkjörnir og samþykktir með lófaklappi fundarmanna.

Í lok ræðu sinnar sagði Svava þetta:

Mig langar að minna alla félagsmenn Félags eldri borgara á Akureyri á að þetta félag er vettvangur okkar til að koma á framfæri skoðunum okkar á ýmsum málum sem snerta málefni eldri borgara. Verst er að ná ekki til þeirra sem ekki eru hér staddir því bara sumir eru duglegir að mæta á viðburði og sinna störfum fyrir félagið.

Þetta er félagið okkar, hér eigum við kost á að ræða og standa vörð um kröfur okkar, kjör og réttindi – skyldur okkar þekkjum við flest. Við þurfum að standa saman, skynja styrk okkar og hafa áhrif úti í þjóðfélaginu og að innstu rótum stjórnkerfisins.

Samkvæmt tillögu uppstillinaneftar og samhljóða samþykkt hennar á fundinum eru eftirtaldir aðilar réttkjörnir í stjórn og fastanefndir félagsins starfsárið 2015-2016:

Stjórn félagsins er þannig skipuð:

Sigurður Hermannsson kosinn formaður 2014 til tveggja ára, aðrir í stjórn kosnir til tveggja ára 2014 eru: Guðbjörg Bergman, Karl E. Steingrímsson og Anna G. Thorarensen. Kosnir á aðalfundi 2015 til tveggja ára eru: Halldór Gunnarsson, Arnheiður Kristinsdóttir og Gestur Jónsson.

Varamaður kosinn til tveggja ára 2014 er: Kolbrún Kristjánsdóttir. Varamenn kosnir til tveggja ára 2015 eru: Aldís Björnsdóttir og Hjálmar Freysteinnsson. Á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi skiptir stjórnin með sér verkum þ.e. kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Fastanefndir félagsins – allir nefndarmenn kosnir til eins árs 2015.

- a) Í skemmtinefnd eru: Birgir Sveinbjörnsson, Björg Dagbjartsdóttir, Páll Gíslason, Ásta Axelsdóttir, Erna Tulinius, Sveinn Sigurbjörnsson og Svava Karlsdóttir.
- b) Í spilanefnd; bridgenefnd eru: Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson. Í spilanefnd; félagsvist eru: Gunnar Jóhannsson, Ragna Aðalsteinsdóttir og Magnús Kristinsson.
- c) Í göngunefnd eru: Kolbrún Kristjánsdóttir, Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson og Aldís Björnsdóttir.
- d) Í ferðanefnd eru: Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Karl Steingrímsson, Guðrún Bjarnadóttir, Hákon Hákonarson og Rafn Sveinsson.
- e) Í fræðslunefnd eru: Guðbjörg Bjarman, Valgerður Jónsdóttir og Guðmundur Ó. Guðmundsson.
- f) Í Kaffinefnd eru: Ingigerður Traustadóttir, Marta Gestsdóttir, Sigurlaug Guðvarðardóttir, Sigurveig Einarsdóttir og Vera Sigurðardóttir.

Aðrar kosningar samkvæmt lögum félagsins.

- a) **Tillaga stjórnar um uppstillingarnefnd** var samþykkt samhljóða en nefndina skipa: Svava Karlsdóttir formaður, Húgrún Hólmsteinsdóttir og Sævar Hallgrímsson öll kosin til tveggja ára, og Sverrir Valdimarsson og Rafn Gunnarsson kosnir til eins árs.
- b) **Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga** var samþykkt samhljóða en þeir eru: Baldur Guðvinsson og Ásgerður Snorradóttir og til vara Rúnar Sigmundsson og Guðjón Daníelsson. Öll kosin til eins árs.
- c) **Tillaga stjórnar um fulltrúa á landsfund LEB 2015** var samþykkt samhljóða en þeir eru: Sigurður Hermannsson (sjálfkjörinn), Arnheiður Kristinsdóttir, Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen. Til vara í

Þessari röð: Karl E. Steingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Aldís Björnsdóttir og Númi Adolfsson.

8. mál – árgjald til félagsins fyrir 2016

Stjórn félagsins lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins árið 2016 verði kr. 2.500 fyrir þá sem greiða í heimabanka eða með peningum en 2.800 fyrir þá sem greiða samkvæmt greiðsluseðli. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sveinn Sigurbjörnsson kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og bar fram munnlega tillögu um að félagar 90 ára og eldri væru undanþegnir árgjaldi til félagsins. Fundurinn samþykkti að vísa tillögu Sveins til stjórnar félagsins til nánari skoðunar og afgreiðslu.

9. Mál – önnur mál

Björn Sigmundsson hvaddi sér hljóðs og gerði að umtalsefni lélegt hljóðkerfi í salnum í Bugðusíðu. Taldi hann tímabært að setja upp nýtt kerfi með hljóðnema af nýjustu gerð. Undir þessi orð Björns tóku fundarmenn með lófaklappi.

Formaður félagsins Sigurður Hermannsson bað um orðið og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag. Fundargestir voru **114**.

Fundarstjóri Baldvin Bjarnason sleit síðan fundi.

Fundarritarar: Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen.